



## Samvinna öllum í hag

Mikil vaxning hefur orðið á síðustu árum vegna mikilvægi þess að auka aðgengi að landupplýsingum hins opinbera svo spara megi ríki og sveitarfélögum fjármuni s.s. vegna gagnakaupa. Enn fremur hefur aukið aðgengi ýtt undir aukna notkun og nýsköpun og þannig gert gögnin enn verðmætari en áður. Verkefnið sem á að draga fram og leiða saman landupplýsingar opinberra aðila nefnist „Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi“. Með verkefninu er ætlunin að allir sem vilja nálgast landupplýsingar í eigu opinberra aðila geti gert það með auðveldum hætti á vefslóðinni <http://gatt.lmi.is>. Landmælingar Íslands hafa að undanfögnu leitt verkefnið og m.a. unnið með nokkrum stofnunum við að skýra ábyrgðarsvið stofnana varðandi öflun landupplýsinga en slík samvinna mun aukast mjög á næstu misserum. Nauðsynlegt er fyrir íslenska stjórnvöld að draga úr tvíverknaði og nýta betur mannafla og fjármuni.

### Skýrslur til Evrópusambandsins

Grunngerð landupplýsinga tengist einnig verkefni Evrópusambandsins

(ESB) sem nefnist INSPIRE. Það verkefni gengur út á að tengja saman landupplýsingar opinberra aðila innan ESB og veita ríkjum þess aðgang að kortaupplýsingum þvert yfir landamæri. Slíkur aðgangur að stöðluðum gögnum er mjög mikilvægur þegar kemur að t.d. náttúruvá eins og flóðum eða mengun. Vegna þessara verkefna hafa Landmælingar Íslands samkvæmt lögum unnið að skrifum á stöðuskýrslu um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi og INSPIRE og var henni skilað inn til ESB þann 15. maí 2013.

### Aðstoð frá nágrannabjóðum

Grunngerðarverkefnið ásamt INSPIRE er mjög umfangsmikið en nágrannabjóðir okkar, einkum Noregur, Danmörk, Skotland og Írland, hafa nokkuð góða reynslu af uppbyggingu þess. Því hafa Landmælingar Íslands að undanfögnu fengið sérfræðinga frá þessum löndum sér til aðstoðar en hluti aðstoðarinnar hefur verið greiddur af svokallaðri TaieX aðstoð ESB. Þeir sérfræðingar sem heimsótt hafa Landmælingar Íslands hafa allir miðlað mikilli þekkingu sem hefur sparað yfirlegu á fræðilegum textum og skilgreiningum

eins og t.d. í INSPIRE-tilskipuninni. Í tengslum við heimsókn erlendu sérfræðinganna hafa Landmælingar Íslands boðað sérfræðinga annarra stofnana á fundi með þeim til að þekking erlendu gestanna nýtist sem flestum.


[www.lmi.is](http://www.lmi.is)

## Ársskýrsla 2012

Ársskýrsla Landmælinga Íslands fyrir árið 2012 er komin út. Að þessu sinni er hún aðeins gefin út á rafrænu formi og unnin að öllu leyti af starfsmönnum stofnunarinnar. Ársskýrsluna má finna á vef stofnunarinnar og hægt er að skoða hana í flettförri eða sem PDF skrá. Sjá [Ársskýrsla 2012](#).

# Ný lög um náttúruvernd

## hlutverk Landmælinga Íslands



Á lokadegi Alþingis, 28. mars síðastliðinn voru ný lög um náttúruvernd samþykkt. Með lögunum, sem eru um margt ítarlegri en eldri lög, eiga sér stað töluverðar breytingar og nýmæli í íslenskri náttúruverndarlöggjöf. Á meðal þessara nýmæla eru lagagreinar um akstur utan vega og gerð kortagrunns um vegi og vegslóða.

Samkvæmt 32. gr. laganna munu Landmælingar Íslands annast gerð

kortagrunnsins þar sem merktir skulu vegir og vegslóðar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum um. Skulu þar einnig sýndir lokaðir vegslóðar eftir því sem þurfa þykir og enn fremur vegslóðar þar sem heimiluð er takmörkuð umferð svo sem veiðislóðar meðfram ám og vötnum. Landmælingar Íslands munu jafnframt annast uppfærslu kortagrunnsins í samræmi við reglur sem ráðherra setur. Þá er

stofnuninni einnig gert að sjá til þess að upplýsingar úr kortagrunninum verði aðgengilegar og veittar án endurgjalds.

Lögin um náttúruvernd öðlast gildi 1. apríl 2014 en samkvæmt þeim skal ráðherra eigi staðfesta og birta kortagrunn um vegi og vegslóða fyrr en 1. október 2017. [Ný lög um náttúruvernd](#) má sjá í heild sinni á vef Alþingis.



## Dagur umhverfisins

Á sumardaginn fyrsta 25. apríl var Dagur umhverfisins og af því tilefni ákváðu starfsmenn Landmælinga Íslands að láta sitt ekki eftir liggja í því að bæta umhverfið. Því var ákveðið að daginn eftir skyldu starfsmenn drífa sig út og tína rusl í nærumhverfinu.

Starfsmenn Landmælinga Íslands slógust í för með starfsmönnum á Bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar sem höfðu tekið sömu ákvörðun og gekk hópurinn með stóra ruslapoka niður Stillholt, Kirkjubraut og niður á Akratorg. Allt rusl á umferðareyjum,

meðfram runnum, grindverkum og víðar var fjarlæggt.

Á meðfylgjandi mynd má sjá kampa-káta starfsmenn Landmælinga Íslands sem tóku þátt í að fegra umhverfið og voru að vonum ánægðir með framtakið.

# Ný þekja gervitunglamynda af Íslandi



RapidEye-mynd af höfuðborgarsvæðinu, tekin 2012.

Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands hafa í sameiningu aflað nýrra gervitunglamynda með mikilli greiniehæfni af öllu landinu vegna Natura Ísland sem er IPA verkefni styrkt af Evrópusambandinu. Þessar myndir, sem eru frá RapidEye gervitunglum,

hafa 5 metra greiniehæfni og eru teknar í fimm aðgreindum böndum eða rásum á sýnilegu og nærinrauðu sviði. Þær eru langflestar teknar sumurin 2011 og 2012 en örfáar eru þó eldri. Hjá Náttúrufræðistofnun Íslands verða þessar myndir notaðar við kortlagningu

á vistgerðum og fuglasvæðum í Natura Ísland verkefninu en notkun þeirra verður heimil öllum opinberum stofnunum sem vinna að náttúru-rannsóknnum og hvers kyns kortagerð. Hjá Landmælingum Íslands verða myndirnar m.a. notaðar til þess að kortleggja breytingar á landgerðum og landnotkun í tengslum við uppfærslu á [CORINE-flokkunarverkefninu](#) og við að endurskoða og lagfæra landfræðilega gagnagrunna um Ísland. Þar er m.a. um að ræða jöklabreytingar, kortlagningu á útþenslu þéttbýlis, breytingar á vatnafari með tilkomu nýrra virkjunarlóna og breytingar á landbúnaðarlandi og skógum. CORINE-flokkunin er uppfærð samtímis í öllum löndum Evrópu á nokkurra ára fresti.

## Mikil ásókn í gjaldfrjáls gögn

Þann 23. janúar síðastliðinn voru öll stafræn kort og landupplýsingar í vörslu Landmælinga Íslands gerð gjaldfrjáls. Gögnin eru notuð við ýmis verkefni á vegum stofnana ríkisins meðal annars við skipulagsmál, náttúruvernd, náttúruvá, orkumál, rannsóknir og opinberar framkvæmdir en einnig nýtast þau almenningi og fyrirtækjum með margvíslegum hætti.

Hjá Landmælingum Íslands fór fram töluverður undirbúningur við að gera aðgengi að gögnunum eins auðvelt og hægt er þannig að auðvelt yrði að hlaða þeim niður af vefnum. Viðbrögð voru mikil frá fyrsta degi og fyrstu vikuna heimsóttu yfir fimmtán þúsund manns vef stofnunarinnar. Margir notendur hafa lýst ánægju sinni yfir því að gögnin séu nú gjaldfrjáls og hve greiður aðgangur er að þeim. Notendur gjaldfrjálsra gagna í vörslu Landmælinga Íslands eru hvattir til að hafa samband við stofnunina ef þeir óska frekari upplýsinga eða ef þeir hafa athugasemdir og ábendingar. Senda má póst á [lmi@lmi.is](mailto:lmi@lmi.is).



## Vísindavika norræna landmælingaráðsins

Um árabíl hafa Landmælingar Íslands tekið virkan þátt í norrænu samstarfi á sviði landmælinga í samtökunum Nordiska Kommissionen för Geodesi (NKG) [www.nkg.fi](http://www.nkg.fi). Samstarfið sem skipulagt er af stjórn samtakanna byggir á fjórum vinnuhópum sem hittast einu sinni á ári auk þess sem haldinn er aðalfundur á fjögurra ára fresti. Þá er einnig á fjögurra ára fresti haldinn eins konar sumarskóli þar sem fram fer kynning á nýjustu rannsóknum á sviði landmælinga. Þar gefst mönnum einnig kostur á að hlusta á og ræða við færustu landmælingasérfræðinga Norðurlanda. Dagana 12. til 14. mars var vísindavika NKG haldin í fyrsta sinn. Þá héldu vinnuhóparnir fjórir fundi í Reykjavík og sóttu þá um 40 sérfræðingar og

vísindamenn frá öllum Norður-löndunum auk Eystrasaltslandanna. Þessir sérfræðingar, sem sumir eru í fremstu röð í heiminum, starfa hjá háskólum og systurstofnunum Landmælinga Íslands á Norðurlöndum. Auk fundanna fjögurra var haldinn fundur í stjórn NKG á Akranesi. Þá var haldin vinnustofa þar sem fjallað var um landris í Skandinavíu og á Íslandi. Þar vakti mikla athygli erindi Freysteins Sigmundssonar Háskóla Íslands um breytingar á landhæð á Íslandi, bæði vegna jarðhræringa en ekki síður vegna bráðnunar jökla en hraðinn á þessum breytingum er mikill hér á landi. Vinnustofuna sóttu einnig nemendur í jarðvísindum við Háskóla Íslands í boði Landmælinga Íslands.



## Uppfærð örnefnaskráning

Um nokkurra ára skeið hafa Landmælingar Íslands boðið heimildarmönnum um örnefni að skrá þau í gegnum netið og hefur örnefnaskráningin farið fram í gegnum vefforrit á vegum Loftmynda ehf. Þar hafa upplýsingarnar verið skráðar og geymdar en Landmælingar Íslands fengið afrit af skráningunni eftir þörfum. Þrátt fyrir að skráningin hafi gengið mjög vel gat stundum verið flókið fyrir sérfræðinga Landmælinga Íslands að gera breytingar og fylgjast með skráningunni. Til að auðvelda vinnuna hefur því vefforritið verið fært yfir á hugbúnað og kerfi Landmælinga Íslands og með því geta heimildarmennirnir skráð beint í

örnefnagrunn sem staðsettur er hjá stofnuninni. Þetta er til mikils hagræðis fyrir sérfræðinga stofnunarinnar sem hafa umsjón með grunninum.

Allir skráningaraðilar vinna samkvæmt fyrirfram gefnum fyrirmælum þar um og nota örnefnalýsingar frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Einnig vinna þeir með öðrum heimildarmönnum sem best þekja til viðkomandi svæðis. Víða um land er fólk að skrá örnefni í grunninn en umfangsmesta skráningin hefur farið fram í Borgarfirði þar sem Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum hefur staðið að verkefninu. Þar er nú lokið skráningu á 84 jörðum en gert er ráð fyrir að verkinu ljúki árið 2014. Í

Þingeyjarsýslu hefur Urðarbrunnur - menningarfélag fengið styrk frá Vaxtarsamningi Norðausturlands til að vinna að örnefnasöfnun og ætla þeir að nota sömu leið og Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum og skrá beint í grunn Landmælinga Íslands. Þess má að lokum geta að háskólaneminn Þórdís Birna Lúthersdóttir afhenti á dögum Landmælingum Íslands lokaverkefni sitt í áfanganum Landfræðileg upplýsingakerfi 2 við Háskóla Íslands. Lokaverkefni Þórdísar Birnu fólst í vinnu við örnefni á jörðinni Forsæludal í Húnavatnshreppi og hafa þau nú öll verið skráð í örnefnagrunn Landmælinga Íslands.



## Landmælingar Íslands á framadögum

Landmælingar Íslands tóku þátt í framadögum sem haldnir voru í Háskólanum í Reykjavík þann 6. febrúar síðastliðinn. Markmiðið með Fram-

dögum er að veita háskólanemum tækifæri til að kynnst fyrirtækjum og ríkisstofnunum og fjölbreyttum möguleikum varðandi sumarstörf og fram-

tíðarstörf eða verkefnavinnu. Þá eru Framadagar einnig ágætt tækifæri fyrir fyrirtæki og stofnanir til að hitta framtíðarstarfsmenn.

Á Framadögum voru saman komin 52 fyrirtæki og stofnanir af öllum stærðum og gerðum, allir með bás til að kynna hvað þeir hafa uppá að bjóða og ættu flestir namar að hafa fundið eitthvað við sitt hæfi. Landmælingar Íslands deildu bási með 12 ríkisstofnunum sem kynntu fjölbreytta starfsemi sína enda íslenska ríkið stærsti þekkingarvinnustaður á Íslandi. Fulltrúar Landmælinga Íslands fengu aðallega spurningar um hvort stofnunin réði til sín sumarstarfsmenn, hvaða menntun þyrfti til að starfa hjá stofnunni, meðal starfsaldur og hvers konar verkefni væru unnin á stofnuninni.

Útgefandi: Landmælingar Íslands

Stíllholti 16-18, 300 Akranes · Sími 430 9000 · lmi@lmi.is · www.lmi.is

Ábyrgðarmaður: Eydís Líndal Finnbogadóttir · Ritstjórn: Jensína Valdimarsdóttir o.fl. · Ljósmyndir: Starfsmenn LMÍ o.fl.

Kvarðinn maí 2013